

Könnun á líðan nemenda FÁ á haustönn 2020



Samantekt: Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri

Yfirstandandi önn; haustönn 2020, er önnur önnin í röð þar sem heimsfaraldurinn Covid19 hefur haft mikil áhrif á allt skólastarf á landinu. Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur að ekki farið varhluta af því og á vorönn fluttist allt skólastarfið úr skólanum og yfir í fjarnám í lok mars og var áfram út önnina. Kennarar höfðu þá val um að hitta nemendur í rauntíma eða senda glærur og annað kennsluefni í gegnum Moodle (eða INNU) og leyfa nemendum sjálfum að ráða hvenær þeir nýttu sér efnið.

Í byrjun haustannar var ákveðið að kennsla yrði með eðlilegum hætti; dagskóli með skyldumætingu eins og venjulega. Jafnframt unnu skólayfirvöld og kennarar að því að skoða hvernig best yrði að bregðast við ef til þess kæmi að loka þyrfti skólabyggingunni að mestu eða öllu leyti. Það varð svo raunin í september og nú er orðið ljóst að það ástand varir út önnina. Um leið og námið fluttist úr skólanum var tekin sú ákvörðun að kennsla héldi áfram samkvæmt stundatöflu og við kennsluna yrði notað samskipta- og fundaforritið Teams. Ákveðið var að kennarar héldu utan um mætingu með venjulegum hætti og að fjarvistir skyldu færðar í INNU eins og áður.


Á þeim átta vikum sem liðnar eru frá því að kennslan fluttist á netið hafa kennarar og allt starfsfólk skólans leitast við að láta námið og skólastarfið ganga eins og vel og hægt er. Ekki síst hefur verið reynt að hvetja nemendur til að nýta alla þá aðstoð sem er í boði í skólanum þeim til stuðnings. Þrátt fyrir það er erfitt fyrir marga að vinna svona mikið einir og ljóst að allir hafa ekki skilað því sem til er ætlast. Könnunin sem hér fer á eftir er tilraun til að komast að því hvernig nemendum líður, hvað þeim finnst um kennsluformið og síðast en ekki síst; að gefa þeim kost á að koma sínum skoðunum á framfæri með eigin orðum.

Könnunin var lögð fyrir alla dagskólanemendur í INNU dagana 13. – 16. nóvember. Nemendur fengu upplýsingar um hana í bréfi skólameistara og kennarar voru síðan beðnir um að minna á hana í kennslustundum þann 16. nóvember. Svörunin var rétt tæp 30% og aldursdreifing svarenda var sambærileg við það sem er í skólanum; tæp 26% þeirra sem svöruðu voru undir 18 ára aldri en um 30% dagskólanemenda er á þeim aldri.


Hér á eftir fara svör nemenda við einstökum spurningum/fullyrðingum sett fram á myndrænan hátt.

Það er ánægjulegt að sjá að tveir þriðju hlutar þátttakenda segjast mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að námið á önninni gangi vel (sp.1). Sömuleiðis er ánægjulegt að 60% svarenda finnst auðvelt að stunda nám í Teams (sp.2).

1. Mér finnst nám mitt á þessari önn ganga vel




2. Þegar skólinn er lokaður finnst mér auðvelt að stunda námið í Teams




Þátttakendur voru beðnir um að meta vinnuálag á önninni miðað við “venjulega” önn og yfir helmingur þeirra mat það þannig að álag væri meira en venjulega. Hins vegar sögðu 28% þeirra sem svöruðu að álagið væri sambærilegt sem hlýtur að vera það sem stefnt er að.

3. Vinnuálagið hjá mér á þessari önn er




Skilningur kennara á fordæmalausum tímum getur skipt sköpum fyrir gengi nemenda. Yfir 80% sögðust mjög eða frekar sammála því að kennarar almennt sýndu þeim skilning.

4. Mér finnst kennarar almennt sýna mér skilning




Næstu þrjár fullyrðingar sneru að kvíða og segist meira en helmingur nemenda (59%) finna fyrir kvíða tengdum náminu og nærri því jafn stór hópur finnur fyrir kvíða tengdum Covid (56%). Vert er að benda á að kvíði tengdur Covid þarf ekki að þýða að nemendur séu hræddir um eigin heilsu heldur geta þeir óttast um ættingja og vini, eða jafnvel samfélagslegar afleiðingar faraldursins. Innan við helmingur sagðist hafa auknar fjárhagsáhyggjur á önninni.


5. Ég finn fyrir kvíða tengdum náminu á þessari önn



6. Ég finn fyrir kvíða tengdum Covid19 á þessari önn




7. Ég finn fyrir auknum fjárhagsáhyggjum á þessari önn




Líkt og sagði í inngangi hafa skólayfirvöld, kennarar og annað starfsfólk lagt mikla áherslu á að nemendur nýttu stoðþjónustu skólans. Fjórðungur þátttakenda segist hafa gert það (sp.8) og flestir þeirra hafa haft samband við náms- og starfsráðgjafa en umsjónarkennarar hafa einnig aðstoðað nemendur (sp.9). Þeir sem merktu við „annað“ gáfu sjaldnast skýringu en einn nefndi að hann hefði fengið aðstoð við að nálgast efni til listsköpunar og annar hafði fengið aðstoð vegna dyslexíumála.

8. Ég hef nýtt mér stoðþjónustu eða aðra aðstoð skólans meðan skólinn hefur verið lokaður




9. Ef svarið er já, hvaða aðstoð hefurðu notað (merktu við allt sem við á)



Loks voru nemendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingar um að staðbundin kennsla í skólastofu henti þeim betur en nám í Teams. Helmingur svarenda (51%) var mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu á meðan nær fjórðungur (37%) var frekar eða mjög ósammála.

10. Staðbundin kennsla í skólastofu hentar mér betur en nám í Teams



Nemendur fengu í lokin eina opna spurningu og um þriðjungur þátttakenda nýtti sér að koma þar á framfæri eigin skoðunum eða hugleiðingum. Innleggin voru mjög mismunandi. Sumir nemendur lýstu yfir mikilli ánægju með Teams og aðrir álíka mikilli óánægju. Hér á eftir fara nokkur sýnishorn:

„Elska hvernig þetta er núna. Svo auðvelt að mæta í tíma á Teams miklu auðveldara heldur en að mæta í skólann. Ég væri líklegast fallin á mætingu ef skólinn væri opin. En í staðinn gengur mér ótrúlega vel að mæta og skila verkefnum“.

„Teams hefur gengið vel með kennurum í mínum fögum“.

„Ég hef átt í gríðarlega miklum erfiðleikum að halda (mig!) við námið heima í gegnum Teams. Það hentar mér miklu betur að koma í skólann að læra“.

„Mér finnst hræðilegt að vera í teams og ég hata það“.

Nokkrir kvörtuðu undan stoðþjónustu skólans en fleiri hrósuðu henni:

„Er ekki búin að fá góða þjónustu frá námsráðgjafa að mínu mati. Hef fengið eins minniháttar svör sem hægt er að svara með í gegnum tölvupóst frá námsráðgjafa og ég er ekki sátt“.

„Í byrjun fjarnáms gekk mér mjög illa að skipuleggja mig og varð mjög eftirá í öllum áföngum en ég náði að skipuleggja mig í haustfríinu með hjálp námsráðgjafa og náði að vinna flest allt upp“.

Algengt var að nemendur kvörtuðu undan vinnuálagi:

„Það mætti alveg slaka aðeins á náminu og sýna skilning að það er alls ekki auðvelt að stunda nám í þessum aðstæðum og hvað þá ef nemandi er í 5+ áföngum. Einnig er mjög erfitt að vinna hópverkefni núna vegna þess að það er ekkert hægt að hittast og takmarkað hægt að vinna í verkefnum vegna þess að það er verið að hlaða fullt af öðrum verkefnum á nemendur. Mér finnst vera of mikið álag og mörg verkefni sem að krefjast mikillar vinnu“.

„....(ég hef!) bara námið og samt er ég rosalega eftir á. Hef þurft að sleppa Teams tímum bara til þess að ná mér upp í lærdómnum. Ég er samt alls ekki að segja að það sé allt ömurlegt, hef bara verið að finna fyrir svo ótrúlega miklum kvíða og verið mjög lágt niðri andlega á þessari önn og finnst mér ömurlegt að ég gæti fallið á þessari önn bara útaf þessari stöðu“.

„Ég finn ekki fyrir auknum kvíða gagnvart náminu, en mér finnst kennarar halda smá að þeir komist upp með að gefa okkur fleiri verkefni, jefnvel með styttri skilafrest, og halda okkur lengur í sumum tímum, eins og ekki allir kennarar átti sig á því að flestir eru í fleiri en einum áfanga í einu og eru núþegar með rosalegt magn af verkefnum“.

Algengasta athugasemdin í textasvörunum fjallaði þó um áhyggjur af annarlokum. Athyglis vert er að fleiri ræddu um fyrirkomulag lokaprófa þó að ákveðið hafi verið í byrjun annar að allir áfangar skyldu vera símatsáfangar:

„Ég veit þó aldrei hvort það sé þess virði að detta inn í fjarkennslu rútínu þegar það er óvissuástand í hverri viku um hvort það verði staðkennsla eða ekki. Mér finnst því að það ætti að vera fjarkennsla út önnina þar sem sá möguleiki veitir stöðugleika frekar en sífeldri óvissu“.

„Fyrst meirihluti annar hefur verið á teams eða í fjarnámi finnst mér að önnin eigi að klárast þannig og prófin ættu að vera heimaþróf. Fáranlegt að vera búin að læra heima allan þennan tíma og taka svo óþarfa sénsa með að mæta í próf“.

„Mér er búið að finnast mjög gott að vera á teams þessa önn og hefur fundist það ganga betur en að mæta í kennslustofu. Eina sem hefur verið erfitt og kvíðvænlegt er óvissan að taka bara viku og viku og vita ekki hvenær á að mæta eða hvort eigi að mæta og svo framvegis“.

„Það væri galið að halda lokapróf í skólanum eftir svona mikið fjarnám og einnig væri gallið að smitast af covid 12 des í skólanum og missa af jólnum með fjölskyldunni“.

Nokkur gullkorn var svo að finna sem minnir okkur á að allt skiptir máli á tíma heimsfaraldurs:

„Það ætti að greiða nemendum til baka sem voru búnir að borga fyrir bílastæðakort á síðustu önn. Leiðinlegt þegar skólinn lokaði í mars sl og samt þurfti maður að greiða fyrir fullt gjald fyrir bílastæðakort“.

„Það er óþolandi að kennari sé alltaf að skamma okkur fyrir að gleyma að slökkva á microphone en hann sjálfur gerir það aldrei (þegar við erum að vinna sjálfstæð) svo fer hann með okkur á klósettið að pissa.“

„Ég er að klára sem stúdent þessa önn og mig langar að dimmitera!!“

Niðurstöður þessarar könnunar eru kannski þær helstar að nemendur eru seigir og flestum virðist ganga nokkuð vel að takast á við breyttar aðstæður. Ekki má þó líta framhjá því að kvíði tengdur námi

er til staðar hjá meira en helmingi nemenda og stór hópur segist finna fyrir kvíða tengdum faraldrinum sem öllu veldur. Þess verður þó að geta að ekki eru til gögn um hve stór hluti nemenda finnur fyrir kvíða í námi á venjulegri önn þannig að samanburður er erfiður. Vert er líka að hafa í huga að svarhlutfall er aðeins um 30% og þátttakendur eru sjálfvaldir inn í úrtakið. Í slíkum tilfellum getur verið helst svari þeir sem hafa sterkar skoðanir á málunum meðan hinir sleppi því að taka þátt.

Helsta áhyggjuefni nemenda var eins og hér hefur komið fram, óvissa um annarlok og próf, en þeirri óvissu hefur nú verið eytt: Áður en könnuninni lauk var þegar búið að taka ákvörðun um að skólastarf yrði áfram með óbreyttum hætti út önnina. Vonandi minnkar það kvíða af nemenda og stuðlar að því að þeim gangi betur að einbeita sér að náminu það sem eftir lifir af önninni. Síðan er bara að vona að nemandanum sem skrifaði þessa látlausu ósk í opna reitinn verði að ósk sinni:

„Ég er að vonast til að geta verið í skólanum á næstu önn með öllum kennurum og nemendum“.